



HAFNARFJÖRÐUR

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5,
101 Reykjavík

Efni: Svar við bréfi Umboðsmanns Alþingis vegna húsnæðisvanda utangarðsfólks.

Í bréfi Umboðsmanns Alþingis dagsettu 29. desember 2017 kemur fram undanfarið hafi Umboðsmaður haft húsnæðisvanda utangarðsfólks í Reykjavík til athugunar að eigin frumkvæði í framhaldi af umfjöllun um kvartanir og ábendingar sem honum bárust.

Við athugun málsins kom m.a. fram að hluti þeirra einstaklinga sem hafa verið húsnæðislausir í Reykjavík síðustu misseri og hafa leitað í úrræði þar eiga lögheimili og/eða höfðu áður dvalið í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík. Í ljósi þessara upplýsinga hefur umboðsmaður ákveðið að óska eftir upplýsingum frá 15 fjölmennustu sveitarfélögum fyrir utan Reykjavík.


Hér verður leitast við að svara þeim spurningum sem fram koma í bréfinu.

1. *„Óskað er upplýsinga um þau almennu úrræði, sbr. 45.gr.laga nr. 40/1991, sem standa íbúum sveitarfélagsins til boða, þ.e. fjölda slíkra úrræða, fjölda þeirra sem voru á biðlista 1. desember 2017 og hvaða viðmiðum sé fylgt um möguleika þeirra sem eru í áfengis- og vímuefnaneyslu til að fá úthlutað því húsnæði sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða á grundvelli lagagreinarinnar.“*

Sveitarfélagið hefur yfir að ráða 253 íbúðum í félagslega kerfinu og er markvisst verið að fjölga íbúðum í kerfinu. Á árinu 2016 var varið 100 millj. til kaupa á íbúðum, 200 millj. árið 2017 og á fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 500 millj. í íbúðakaup.

Á biðlista eftir félagslegu húsnæði í upphafi árs 2018 eru 120 einstaklingar og fjölskyldur. Ekki eru sérstök viðmið varðandi áfengis- og vímuefnaneytendur við úthlutanir íbúða í kerfinu.

2. *„Þar sem athugun umboðsmanns hefur einkum beinst að bráðum húsnæðisvanda einstaklinga er í öðru lagi sérstaklega óskað eftir upplýsingum um hvort og þá hvaða nánar tilteknu sértæku úrræði standa íbúum sveitarfélagsins til boða, sbr. 46. gr. laga nr. 40/1991, innan marka þess, hvar þau eru staðsett, fjölda þeirra rýma sem þar eru í boði, hversu margir nýta þau og hversu margir eru á biðlista eftir þeim. Ef slík úrræði standa íbúum sveitarfélagsins ekki til boða er óskað eftir að sveitarfélagið upplýsi mig um*



HAFNARFJÖRÐUR

hvernig brugðist er við þegar upp koma slík tilvik og lýsi skyldum þess á grundvelli laga nr. 40/1991.“

Í félagslega húsnæðiskerfi sveitarfélagsins eru 30 litlar íbúðir með sérinngangi sem hafa þótt henta fyrir einstaklinga með sérstakan vanda s.s. vímuefna- og áfengisvanda. Á s.l. ári var ráðinn húsvörður til að sinna og styðja einstaklinga sem þar búa. Góð samvinna hefur verið við S.Á.Á. um innlagnir á sjúkrahúsið að Vogu auk þess sem veitt er öflug heimþjónusta og ráðgjöf.

Sveitarfélagið hefur samþykkt að hefja viðræður við Reykjavíkurborg um aðkomu að Víðinesi en þar hafa einstaklingar í bráðum húsnæðisvanda fengið athvarf. Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðarbæjar er tilbúin til að styðja við einstaklinga sem þar búa en eru með lögheimili í Hafnarfirði.

Fagfólk Fjölskylduþjónustu liðsinnir einstaklingum sem eru utangarðs vegna áfengis- og vímuefnavanda.

3. „Í þriðja lagi er óskað upplýsinga um hvort á vegum sveitarfélagsins sé starfrækt einhvers konar neyðarúrræði, á borð við Gistiskýlið eða Konukot í Reykjavík. Ef svo er þá er jafnframt óskað upplýsinga um fyrirkomulag þess, s.s. þann fjölda einstaklinga sem að jafnaði nýtir neyðarúrræði á vegum sveitarfélagsins til langdvalar og hversu margar nætur viðkomandi einstaklingur/einstaklingar dvöldust í viðkomandi úrræði á árinu 2017. Jafnframt er óskað eftir að fram komi hvort fyrirbyggjandi séu upplýsingar um þá sem taldir voru heimlislausir í sveitarfélaginu, í samræmi við áðurnefnda skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins, ár árinum 2016 og 2017, skipt eftir mánuðum.“

Sveitarfélagið gerði samning við Reykjavíkurborg í júní 2017 um greiðslu gistináttagjalds í neyðarathvörfum borgarinnar fyrir utangarðsfólk, sjá fylgiskjal. Samningurinn felur það í sér að einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði fá aðgang að Gistiskýlinu á Lindargötu og í Konukoti á meðan húsrúm leyfir. Utangarðsfólks með lögheimili í Hafnarfirði hefur sama forgang að rýmum og reykvískir einstaklingar á meðan húsrúm leyfir. Markmið samningsins er að veita einstaklingum með lögheimili í Hafnarfirði neyðargistingu og samastað í skamman tíma meðan verið er að leita að lausn á húsnæðisvanda þeirra. Öll þjónusta Gistiskýlis og Konukots er þeim að kostnaðarlausu.

Enn sem komið er hefur ekki verið nýting á þessu úrræði.

2016 og 2017 hafa tveir einstaklingar verið á biðlista sem telja má utangarðs.

Að lokum má nefna að Hafnarfjarðarbær hefur styrkt verkefnið Frú Ragnheiði – skaðaminnkun sem er verkefni á vegum Rauða krossins sem



HAFNARFJÖRÐUR

hefur það markmið að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu eins og heimilislausra einstaklinga og einstaklinga sem nota vímuefni um æð. Áframhaldandi stuðningur verður við Frú Ragnheiði á árinu 2018.

4. „Loks er óskað upplýsinga um hvort sveitarfélagið hafi sett sér reglur um annars vegar félagslegt húsnæði eða annan húsnæðisstuðning og hins vegar sértæk húsnæðisúrræði, ef slík úrræði eru á annað borð starfrækt innan sveitarfélagsins. Hafi slíkar reglur verið settar er óskað eftir að umboðsmanni verði afhent afrit af þeim.“

Reglur sveitarfélagsins um úthlutun á almennu leiguhúsnæði, sjá fylgiskjal.

Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði, sjá fylgiskjal.

Reglur sveitarfélagsins um sérstakan húsnæðisstuðning, sjá fylgiskjal.

Hafnarfjörður 31. janúar 2018


Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar

